

Gjaldskrá fyrir útgáfu sönghefta og annars sambærilegs efnis

- STEF veitir leyfi fyrir útgáfu sönghefta eða annarrar sambærilegrar útgáfu þegar ljóst er að hið útgefna efni er ætlað til söngs eða flutnings.
- Leyfi STEFs nær bæði til texta- og lagahöfunda.
- STEF veitir eingöngu leyfi fyrir útgáfu safnverka þar sem um er að ræða útgáfu þriggja eða fleiri bæði laga- og textahöfunda.
- Höfundur getur því gefið út eigið efni (eigi hann útgefið efni 100%, bæði lag og texta) án heimildar STEFs.
- STEF veitir einnig sambærileg leyfi fyrir útgáfu á Internetinu.

Sönghefti sem er allt að 50 bls. og er dreift ókeypis:

- allt að 500 eintök 25.415 kr.
- allt að 1000 eintök 35.581 kr.
- allt að 2000 eintök 50.829 kr.

Sönghefti sem er allt að 120 bls. og er boðið til sölu eða sönghefti sem inniheldur fleiri en 50 bls. og er dreift ókeypis:

- allt að 500 eintök 121.991 kr.
- allt að 1000 eintök 203.318 kr.
- allt að 2000 eintök 355.807 kr.

Sönghefti sem er allt að 240 bls, hvort sem er til sölu eða dreift ókeypis:

- allt að 500 eintök 203.318 kr.
- allt að 1000 eintök 355.807 kr.
- allt að 2000 eintök 609.955 kr.

Fyrir útgáfu í stærra upplagi eða fleiri blaðsíðum en 240 er samið sérstaklega við STEF
Fyrir útgáfu á netinu skulu greiddar 8% af heildartekjum viðkomandi starfsemi
(þ.m.t. auglýsingatekna), en þó aldrei lægra en kr. 350.000 á ári.

Nánari skýringar á gjaldskránni:

1. Sönghefti sem gefin eru út vegna einkasamkvæma í allt að 100 eintökum eru gjaldfrjáls.
2. Sama gjald er greitt hvort sem söngtextum fylgja hljómar eða nótur eða önnur forskrift af flutningi laga.
3. Ekki er innheimt sérstaklega fyrir útgáfu söngtexta sem fylgja efnisskrá tónleika á tónleikum, enda séu greidd höfundaréttargjöld af tónleikunum.
4. Notist útgefandi við nótur sem áður hafa verið gefnar út, verður hann að afla sér sérstaks leyfis hjá rétthafa nótnanna.
5. Útgefandi skal senda STEFi lagalista söngheftisins sem úthlutar greiðslum á grundvelli upplýsinganna.
6. Útgefandi á netinu skal halda utan um fjölda sótttra laga og senda STEFi reglulega upplýsingar í samræmi við samning þar um.
7. Við úthlutanir til höfunda fer skipting milli texta- og lagahöfunda eftir skráningu viðkomandi verks hjá STEFi
8. Einstakir höfundar geta lagt bann við að STEF heimili útgáfu texta sinna og skal útgefandi afla sér upplýsinga um viðkomandi höfunda hjá STEFi
9. Ef lag og texti njóta ekki höfundaréttaraverndar er veittur hlutfallslegur afsláttur af ofangreindri gjaldskrá.